

Miðvikudaginn 12. júlí 1972.

Nr. 3/1972. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
f. h. Vélstjórafélags Íslands**

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands vegna

Landssambands ísl. útvegsmanna f. h.

Útvegsmannafélags Reykjavíkur,

Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar,

Útvegsmannafélags Hornafjarðar og

Djúpavogs, Útvegsbændafélags Vestmanna-

eyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar,

Útvegsmannafélags Suðurnesja,

Útvegsmannafélags Akraness,

Útvegsmannafélags Snæfellsness,

Útvegsmannafélags Eyjafjarðar og nágrennis

og Útvegsmannafélags Austfjarða

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Ragnar Ólafsson og Einar B. Guðmundsson.

Skýrð ákvæði kjarasamnings um orlofsgreiðslur.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 12. júní sl., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands gegn Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs, Útvegsmannafélags Vestmannaeyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Eyjafjarðar og nágrennis og Útvegsmannafélags Austfjarða.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að stefnda

sé óheimilt, áður en orlof, $8\frac{1}{3}\%$, er reiknað af launum vélstjóra, sem ráðnir eru samkvæmt kjarasamningi málsaðilja frá 31. des. 1971, að draga frá launum þeirra eftirtalda skattfrádráttarliði samkvæmt 14. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 68/1971, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1972:

- a) hlífðarfatakostnað, kr. 800 á mánuði.
- b) sérstakan frádrátt, kr. 5.000 á mánuði.
- c) 8% af beinum tekjum.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 26. apríl sl. gaf Landssamband íslenskra útvegsmanna út svohljóðandi umburðarbréf, sem það sendi félagsaðiljum sínum:

„Greiðsla orlofs á laun sjómanna.

Skv. lögum nr. 87/1971 um orlof er svo ákveðið, að atvinnurekandi skuli greiða í orlofsfé $8\frac{1}{3}\%$ af launum frá og með 1. janúar 1972.

Undanþága frá þessu er gerð í 7. gr. laganna, og er sú mgr. 7. gr., sem snertir tekjur sjómanna, svohljóðandi:

3. mgr.:

„Eigi skal reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki eru tekjuskattskyldar hjá orlofsþega. Sama gildir um orlofslaun og orlofsfé“.

Þessi ákvæði orlofslaga hafa þau áhrif á orlofsgreiðslur á laun sjómanna, að áður en orlof er reiknað á laun þeirra, ber að draga frá tekjum sjómanna þær greiðslur, sem ekki eru tekjuskattskyldar.

Í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 68/1971, sbr. lög nr. 7/1972, þá eru skattaávilnanir sjómanna þessar, sbr. 14. gr. laganna, en hún er á þessa leið:

„Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslensk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn ákveðst 800.00 kr. á mánuði og miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem sjómenn.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 5.000.00 kr.

fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenskum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Hlutaráðnir menn skulu njóta frádráttar samkv. 1. og 2. málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið, og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

Ef sjómenn á íslenskum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattyfirvalda.

Auk frádráttar skv. 1.—4. mgr. þessarar greinar skal frá beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum draga 8% teknanna, áður en skattur er á þær lagður“.

Samkvæmt framanrituðu er útgerðarmönnum bent á, að við uppgjör hinn 15. maí n. k. ber að draga frá heildartekjum sjómanna eftirtalda liði, áður en 8 $\frac{1}{3}$ % orlof er reiknað á þær:

1) Skv. 5. mgr. 14. gr. sömu laga skal draga frá beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum 8% teknanna, áður en skattur er á þær lagður.

2) Skv. 1. mgr. 14. gr. tekjuskattslaganna kr. 800.00 fyrir hverja 30 daga, sem viðkomandi sjómaður hefur verið lögskráður, eða kr. 184.00 fyrir hverja viku.

3) Skv. 2. mgr. 14. gr. sömu laga kr. 5.000.00 fyrir hverja 30 daga, ef viðkomandi sjómaður hefur verið lögskráður í a. m. k. 6 mánuði af skattárinu. Þessi frádráttur getur því ekki komið til greina við uppgjör 15. maí n. k., en eftir að sjómaður hefur verið 6 mánuði lögskráður á sama skattári kemur frádráttur þessi til greina.

Til nánari skýringa varðandi þennan lið skal þetta tekið fram: Ef sjómaður er hjá sama útgerðaraðila í 6 mánuði eða lengur, kemur frádráttur þessi til greina að fullu. Sem dæmi má nefna, að frá tekjum sjómanns, sem er hjá sömu útgerð frá 1. janúar til 15. september, má draga kr. 42.500.00 (8.5 mán. \times 5.000.00) frá tekjum, áður en orlof er reiknað. Sé hins vegar þannig ástatt, að sjómaður ræðst til útgerðaraðila

15. maí og er hjá honum til 15. september, en hefur áður verið hjá öðrum aðila fyrr á sama ári í 2 mánuði, og er þannig alls búinn að vera í 6 mánuði á sama skattári lögskráður hinn 15. september, er heimilt að draga frá tekjum kr. 20.000.00 (4 mán. \times 5.000.00), áður en orlof er reiknað“.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mótmælti þessum skilningi L.Í.Ú. með bréfi, dags. 10. maí sl. og lýsti þeirri skoðun sinni, að sá skilningur, sem fram kæmi í nefndu umburðarbréfi væri rangur og frádráttur sá, sem umburðarbréfið mælti fyrir um, óheimill og fengi ekki staðizt að lögum réttum. Skoraði FFSÍ á L.Í.Ú. að afturkalla umburðarbréfið. Landssamband íslenskra útvegsmanna vildi ekki víkja frá skilningi sínum á nefndu ákvæði 3. mgr. 7. gr. orlofslaganna. Höfðaði stefnandi þá mál þetta og gerði þær dómkröfur sem áður greinir.

Stefnandi gerir þá grein fyrir dómkröfum sínum, að það ákvæði 3. mgr. 7. gr. orlofslaga nr. 87/1971, að eigi skuli reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki séu tekjuskattskyldar, geti ekki átt við annað en beinar greiðslur frá atvinnurekanda til launþega til greiðslu á kostnaði eða launum, þar sem greiðslan í heild teljist ekki til skattskyldra tekna. Hins vegar nái ákvæðið ekki til þess frádráttar frá tekjum, sem skattalög heimili í ýmsu formi. Þannig séu frádráttarliðir þeir, sem 14. gr. laga nr. 68/1971 talar um, kr. 800 vegna hlífðarkostnaðar og kr. 5.000 frádrátturinn samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, ekki skattskyldar tekjur í merkingu orlofslaganna. Sama eigi og að gilda um 8% frádráttinn, sem lögtekinn hafi verið í marzmánuði sl. með lögum nr. 7/1972, eftir að orlofslögin nýju voru sett, en hann sé sérstök ívilnun til sjómanna á fiskiskipum. Heldur stefnandi því fram, að afstaða stefnda sé byggð á þeim misskilningi hans, að leggja að jöfnu launagreiðslur, sem telja eigi til tekna samkvæmt 10. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, og frádráttarliði, er draga megí frá skattskyldum tekjum áður en skattur sé á þær lagður samkvæmt 14. gr. sömu laga. Bendir stefnandi í þessu sambandi á það, að greiða beri tekjuútsvar af öllum launum bátasjómannna, en útsvarið sé ekki annað en tekjuskattur. Leiði þessi atriði öll til þeirrar niðurstöðu,

að ekki beri að telja frádráttarliði þá, sem um er deilt í máli þessu, skattskyldar tekjur í merkingu orlofslaganna. Þá verði og að hafa það í huga, við úrlausn þessa atriðis, að tilætlun löggjafans með hinum nýju orlofslögum hafi verið sú, að auka orlofsrétt launþeganna. Hins vegar mundi það leiða til skerðingar á orlofsréttindum frá því, sem áður var, ef fylgja ætti skilningi þeim, er fram komi í umburðarbréfi stefnda og leiða til lakari orlofsréttar sjómanna en þeir höfðu samkvæmt 6. gr. orlofslaganna frá 1943. Komi þó fram í athugasemdum þeim, er fylgdu frumvarpinu að núgildandi orlofslögum, að 3. mgr. 7. gr. þeirra fjalli um sömu efnj og 6. gr. hinna eldri orlofslaga.

Þá heldur stefnandi því og fram, að hvað sem líði skýringum á orðalagi 7. gr. orlofslaganna, þá eigi félagsmenn Vélstjórafélags Íslands allan rétt til þess orlofsfjár, sem um er deilt í máli þessu, samkvæmt 27. gr. kjarasamnings aðilja máls þessa, er gerður var 31. des. s. á., en þar sé svo um samið, að á öll laun í þeim samningi skuli greiða orlof 8½%. Hér sé samið sjálfstætt um orlof án nokkurrar þeirrar skerðingar, sem orlofslögin geri ráð fyrir, og séu slíkir samningar heimilir samkvæmt 2. gr. orlofslaganna. Leiði þetta atriði út af fyrir sig til þess, að taka beri allar dómkröfur hans til greina.

Stefndi vísar í málflutningi sínum til þess, að afstaða hans til 3. mgr. 7. gr. orlofslaganna komi fram í áðurnefndu umburðarbréfi. Kveður hann skilning sinn vera í samræmi við niðurstöðu nefndar þeirrar, sem samdi orlofslögin nýju, nr. 87/1971. Í nefndinni hafi komið upp ágreiningur um það, hver hundraðshluti orlofsfjárins skyldi vera. Sá skoðanamunur hafi verið leystur á þann hátt, að samkomulag hafi orðið um það, að taka upp ákvæði 3. mgr. 7. gr., þ. e. að ekki skyldi greiða orlofsfé af greiðslum, sem væru undanþegnar tekjuskatti. Hefði hér verið haft mið af samhljóða ákvæði dönsku orlofslaganna, en ákvæði þessi beri að skilja og skýra á þá lund, að séu greiðslur vegna starfs launþega skattfrjálsar, beri ekki að greiða orlofsfé af þeim. Í máli þessu standi þannig á um kr. 800 og 5.000 króna greiðsluna, sem draga megi frá skattskyldum tekjum sjómanna samkvæmt 14. gr. tekjuskattslaganna og sama gildi um 8% frádráttinn, sem

lögtekinn hafi verið á þessu ári og einnig falli undir ákvæði 3. mgr. 7. gr. orlofslaganna. Þá mótmælir stefndi því eindregið, að ákvæði 27. gr. kjarasamnings aðilja frá 31. des. 1971 leggi útvegsmönnum ríkari skyldu á herðar um greiðslu orlofsfjár en mælt sé fyrir í 7. gr. orlofslaganna. Nefnd samningsgrein vísi beint til orlofslaganna og veiti stefnanda ekki viðtækari orlofsrétt en lögin mæli fyrir um.

Í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 87/1971 um orlof segir, að ekki skuli reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki séu tekjuskattskyldar hjá orlofsþega. Í athugasemdum þeim, er fylgdu frumvarpinu, en það var samið af stjórnskipaðri nefnd, sem skipuð var fulltrúum launþega og vinnuveitenda, segir um 3. mgr. 7. gr. frv., að þessi ákvæði séu eins og í dönskum lögum.

Aðiljar hafa í flutningi máls þessa deilt nokkuð um það, hvernig samsvarandi ákvæði dönsku laganna séu framkvæmd, en þær rökræður hafa ekki leitt í ljós staðreyndir, sem úrslitum geti ráðið við úrlausn þessa máls.

Eins og þegar er fram komið af greinargerðum aðilja, skal samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt draga kr. 800 á mánuði frá tekjum sjómanna, og samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal sjómönnum veittur sér, slakur frádráttur, kr. 5.000, með nánar tilgreindum skilyrðum, fyrir hvern mánuð. Loks skal samkvæmt 5. mgr. sömu greinar, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1972, draga 8% frá heinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum, áður en skattur er á þær lagður.

Þegar litið er til orðalags 3. mgr. 7. gr. orlofslaga nr. 87/1971, verða ákvæði hennar eigi skýrð á aðra lund en að eigi skuli greiða orlofsfé af framangreindum fjárhæðum, sem allar eru sérstaklega tilgreindar til frádráttar tekjum við skattálagningu í 1., 2. og 5. mgr. 14. gr. tekjuskattslaganna.

Þá kemur til athugunar sú málsástæða stefnanda, að stefndi hafi með ákvæðum 27. gr. kjarasamnings aðilja, dags. 31. des 1971, gengið undir fortakslausa greiðslu orlofsfjár af öllum launagreiðslum til vélstjóra samkvæmt þeim samningi, og þannig með heimild í 2. gr. orlofslaganna tekið á sig viðtækari orlofsskyldu en orlofslögin mæla fyrir um samkvæmt framangreindum skilningi dómsins.

Í tilvitnaðri 27. gr. kjarasamningsins segir svo:

„Á öll laun í samningi þessum skal greitt orlof $8\frac{1}{3}\%$ samkvæmt orlofslögum“.

Orlofslögin, eins og þau eru nú, voru samþykkt á alþingi 17. des. 1971, en tóku gildi 1. janúar sl. Ekki er fram komið, að um það hafi verið rætt við gerð kjarasamningsins, sem undirritaður var 31. des. f. á., að orlofsgreiðslur samkvæmt honum skyldu vera hærri en eftir lögnum.

Að þessu athuguðu og með tilliti til orðalags 27. gr. kjarasamningsins verður þessi málsástæða stefnanda ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Landsambands ísl. útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Eyjafjarðar og nágrennis og Útvegsmannafélags Austfjarða, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.